

Ed.

494. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Meðan visitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

- a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeningum, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
- b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsg. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
- c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þriðjónni af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
- d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.
- e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsg. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunnjanda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

2. gr.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna falli burtu orðin „en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

3. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir allt árið 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.